



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P

komudagur

10/1938

130/1938

19. 4. 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, 816. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagna ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, 816. mál.

Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögnum um atvinnuleysistryggingar eru til staðfestingar á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins 7. mars sl. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er svar við kröfum sem settar voru fram sameiginlega af aðildarsamtökum Alþýðusambands Íslands við undirbúning kjarasamninga í byrjun þessa árs. Um er að ræða mikilvægar umbætur þó þær komi ekki nema að hluta til móts við þau sjónarmið sem ASÍ hefur sett fram um málefni, stöðu og hagi atvinnulausra. Alþýðusambandið bindur hins vegar miklar vonir við nefnd sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið að setja á fót til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. En markmiðið endurskoðuninni er „að bæta stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi, tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirkni almennt“ eins og segir í erindi ráðherra frá 4. mars sl., þar sem óskað er eftir tilnefningu í nefndina.

Í ljósi framanritaðs lýsir Alþýðusamband Íslands yfir stuðningi við frumvarpið og leggur áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2290  
komudagur 3.5.20/a



Keflavík 28.apríl 2004.


Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.


Efni: Frumvarp til laga um hækkun á atvinnuleysisbótum.

Á fundi fjölskylduráðs þann 16. apríl s.l. var samþykkt eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um hækkun á atvinnuleysisbótum.

Fjölskylduráð fagnar þeim breytingum sem hér er gerð tillaga um og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt  
f.h. fjölskylduráðs

  
Drífa Sigfúsdóttir



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/2105*  
*komudagur 23.4.2004*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Hlínar L. Stefánsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. apríl 2004

Sam 167/2004 PS/sp  
Tilv.: 051

### **Efni: Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. apríl var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 6. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, ~~829.~~ <sup>816.</sup> mál.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 134/1904  
komudagur 16.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 16. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, 12/1997.

Samkvæmt frumvarpinu eru atvinnuleysisbætur á mánuði hækkaðar úr kr. 79.767 í kr. 88.767. Hækkunin er umtalsverð, eða sem nemur 11%, og kemur til viðbótar 3% hækkun um sl. áramót. Þessi hækkun atvinnuleysisbóta var hluti af framlagi ríkisins til sáttargjörðar um kjarasamninga verkafólks sem undirritaðir voru 7. mars sl. og hafa verið samþykktir í viðkomandi verkalýðsfélögum. Kjarasamningarnir fólu í sér sérstaka hækkun lægsta umsamda mánaðarlaunataxta, sem hækkaði úr kr. 88.794 í kr. 96.023. Hækkun bóttanna felur í sér að hlutfall þeirra af lægsta launataxta hækkar úr 90% í 92%. Samtök atvinnulífsins telja að þessi upphæð bóta eigi ekki að hafa truflandi áhrif á vinnumarkaðinn.

*Hannes G. Sigurðsson*

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/1982  
komudagur 20.4.2004



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2004  
ÁPS/KSG/035/04

**Efni : Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar 816. mál, hækkun bóta.**

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 6. apríl 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Það skal tekið fram í upphafi að Tryggingastofnunin er fylgjandi ofangreindu frumvarpi um hækkun atvinnuleysisbóta. Stofnunin vill aftur á móti benda á það að hækkun atvinnuleysisbóta mun hafa áhrif til lækkunar lífeyrisgreiðslna hjá nokkrum fjölda lífeyrisþega eins og fram kemur hér á eftir.


Samkvæmt 10 gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar hafa atvinnuleysisbætur sömu áhrif á greiðslur tekjutengdra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eins og launatekjur. Hækkun þeirra leiðir i mörgum tilfellum til lækkunar á greiðslum tekjutengdra bóta almannatrygginga.

Samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaga er skerðingarhlutfall tekjutryggingar og tekjutryggingarauka 45% og má reikna með að í flestum tilfellum sé um að ræða skerðingu á öðrum hvorum þessara bótaflokka. Hjá þeim lífeyrisþegum sem einnig fá griedda heimilisuppbót samkvæmt 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð getur skerðingin farið upp í um 65%.

Hjá örorkulífeyrisþegum er vægi atvinnuleysisbóta öryrkjans sjálfs 60% í tekjuviðmiði en 100% þegar um atvinnuleysisbætur maka er að ræða. Því verður raunverulegt skerðingarhlutfall lægra en að framan greinir þegar um er að ræða atvinnuleysisbætur öryrkjans sjálfs.

Þess skal að endingu getið að samkvæmt skráum Tryggingastofnunar eru rúmlega 800 lífeyrisþegar með atvinnuleysisbætur í tekjuviðmiði. Er hér ýmist um að ræða eigin tekjur lífeyrisþeganna eða tekjur maka þeirra. Ekki er víst að hækkun atvinnuleysisbóta muni í öllum tilfellum leiða til lækkunar á bótum lífeyristrygginga en þó má leiða líkum að því að slíkt muni gerast hjá flestum þeirra.

Virðingarfyllst,

  
Karl Steinar Guðnason  
forstjóri